

Hrossarækt:

Hryssur sem hlutu heiðursverðlaun haustið 2022

– Annar hluti: Hryssur í 10.–20. sæti

Tuttugu hryssur á Íslandi hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi árið 2022. Til þess að hljóta þá heiðursnafnbót þarf hryssa að eiga að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig í kynbótamati ýmist fyrir aðaleinkunn eða fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Af þeim 20 hryssum sem hlutu verðlaun fyrir afkvæmi árið 2022 voru fjórar sem ná viðmiðinu 116 fyrir aðaleinkunn án skeiðs.



Halla Eygló Sveinsdóttir.



Elsa Albertsdóttir.

Í síðasta blaði var fjallað um þær hryssur sem voru í 1.–9. sæti. Hér á eftir verður fjallað um þær hryssur sem röðuðust niður í sæti tíu til tuttugu.

Þruma frá Skagaströnd

Hryssan í tíunda sæti er Þruma frá Skagaströnd. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Markúsi frá Langholtsparti og Sunnu frá Akranesi. Ræktandi hennar er Sveinn Ingi Grímsson en eigandi er Þorlákur Sigurður Sveinsson. Þruma er með 119 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 16 afkvæmi þar af hafa 5 hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Þruma gefur stór hross. Fríðleiki á höfuð er í rúmu meðallagi, vel opin augu en stundum djúpir kjálkar. Hálsinn er með hvelfdri yfirlínu og háum herðum. Bakið yfirleitt breitt með góðri yfirlínu, lendin öflug en stundum gróf. Afkvæmin eru framhá, léttbyggð og fótahá. Fætur eru traustir með öflugum sinum en réttleiki er misjafn, framfætur stundum útskeifir. Hófar efnistraustir með hvelfdum hófbotni. Þrúðleiki breytilegur, allt frá því að vera slakur upp í að vera allgóður. Tvö afkvæmanna eru klárhross en hin sýna nokkra skeiðgetu. Töltið er taktgott, skrefmikið með hárrí fótlyftu. Brokkið er skrefmikið og taktgreint. Stökkið er yfirleitt ferðmikið og teygjugott. Fet að jafnaði gott. Afkvæmin fara vel í reið með góðum fótaborði og viljinn er ásækin og þjáll.

Grýla frá Þúfum

Hryssan í ellefta sæti er Grýla frá Þúfum. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Álfri frá Selfossi og Lygnu frá Stangarholti. Ræktandi og eigandi hennar er Mette Camilla Moe Mannseth. Grýla er með 119 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 9 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Grýla gefur hross í meðallagi að stærð. Höfuð er fremur frítt, hálsinn er grannur, reistur og hátt settur. Baklína góð en bakið er stundum fremur vöðvarýrt og lendin misjöfn. Afkvæmin eru hlutfallarétt og fremur léttbyggð. Fætur eru þurrir og réttleiki í lagi. Hófar efnistraustir. Þrúðleiki afar misjafn frá því að vera mjög góður niður í að vera tæpur. Tvö afkvæmanna eru klárhross en hin þrjú sýna skeið. Töltið er taktgreint, rúmt og með góðri fótlyftu. Brokkið er taktgott, rúmt og skref- og svifmikið. Stökkið er svifgott og rúmt, hæga stökkið heldur síðra. Fetið er taktgreint og skrefmikið. Afkvæmin Grýla eru viljug, þjál, samstarfsfús og fara vel í reið með fallegum höfuð- og fótaborði.

Jóna frá Kjarri

Hryssan í tólfta sæti er Jóna frá Kjarri.



Hrefna frá Vatni.

Mynd / Aðsend



Þruma frá Skagaströnd.

Mynd / Eiríkur Jónsson



Kreppa frá Feti.

Mynd / Aðsend

Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Gusti frá Hóli og Jónínu frá Hala. Ræktandi og eigandi er Helgi Eggertsson. Jóna er með 118 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Jóna gefur smá hross. Höfuð svipgott og lýta-laust. Hálsinn mjúkur og bógur skásettur. Bakið misjafnt, stundum aðeins stíft en lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt. Fótagerð og réttleiki eru um meðallag en hófar efnistraustir en stundum aðeins víðir. Þrúðleiki misjafn. Afkvæmi Jónu eru öll allhlíða hross. Töltið er taktgott með góðri fótlyftu. Brokkið er misgott, stundum fremur sviflitið. Skeiðið er öruggt og skrefmikið. Stökkið er gott en hæga stökkið lakara. Fetið er misjafnt. Afkvæmin eru viljug og samstarfsfús og fara vel í reið.

Hrefna frá Vatni

Hryssan í þrettándra sæti er Hrefna frá Vatni. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Álfri frá Selfossi og Teklu frá Vatni. Ræktendur hennar er Helga Halldóra Ágústsdóttir og Sigurður Hrafn Jökulsson en eigandi er Sigurður Hrafn Jökulsson. Hrefna er með 117 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Hrefna gefur hross í tæpu meðallagi að stærð. Höfuð lýtalaust með beinni yfirlínu. Hálsinn allgóður, oft hátt settur.

Bakið breytilegt að gæðum, sama má segja um lendina. Afkvæmin eru hlutfallarétt. Fótagerð misjöfn, réttleiki tæpur en hófar góðir. Þrúðleiki misjafn. Afkvæmin eru öll allhlíðahross, þó vekurðin sé mismikil og í raun aðeins eitt afkvæmið sem skeiðar af öryggi. Töltið er misgott en oftast rúmt og taktgreint. Brokkið er ekki svifmikið en yfirleitt skrefgott. Stökkið er teygjugott en hæga stökkið síðra. Fetið misjafnt stundum skrefstutt. Viljinn góður og fegurð í reið allgóð.

Kreppa frá Feti

Hryssan í fjórtándra sæti er Kreppa frá Feti. Hún er undan Árna Geir frá Feti og Jósefinu frá Feti. Ræktandi hennar er Brynjar Vilmundarson en eigandi er Fet ehf. Kreppa er með 116 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 9 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Kreppa gefur hross undir meðallagi að stærð. Höfuð er svipgott. Hálsinn langur og reistur. Bakið sterklegt og lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt og ágætlega fótahá. Fótagerð í meðallagi, sínar oft heldur grannar en réttleiki yfirleitt góður. Hófar misjafnir að gerð. Þrúðleiki yfirleitt yfir meðallagi. Afkvæmin eru öll utan eitt klárhross, þau eru með úrvalsgott tölt, ferðmikið, taktgreint og lyftingargott. Brokkið er skrefmikið og taktgott. Stökkið er ferðmikið. Fetið misjafnt stundum skrefstutt. Viljinn einkennist af



Grýla frá Þúfum.

Mynd / Aðsend



Lýsing frá Þúfum.

Mynd / Aðsend

mikilli framhugsun og þjálmi. Þau fara vel í reið með miklum fótaborði.

Álöf frá Ketilsstöðum

Hryssan í fimmtándra sæti er Álöf frá Ketilsstöðum. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Álfri frá Selfossi og Hefð frá Ketilsstöðum. Ræktandi hennar er Jón Bergsson en eigandi er Guðbrandur Stígur Ágústsson. Álöf er með 116 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Álöf gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuð einkennist af beinni neflínu. Hálsinn er yfirleitt ágætlega reistur og yfirlína góð. Baklína góð með einni undantekningu þó, sama má segja um lendina hún er yfirleitt jöfn. Afkvæmin eru fótahá og sívöl. Fætur traustir með öflugum sinum en réttleiki í meðallagi, afturfætur oft nágegir. Hófar eru vel lagaðir með hvelfdum botni. Þrúðleiki slakur. Töltið einkennist af góðri fótlyftu, það er skrefmikið og oftast taktgreint. Brokkið er skrefmikið, það sama má segja um skeiðið sé það fyrir hendi. Stökkið er ferðgott. Fetið er misjafnt. Afkvæmin eru yfirvegð og þjál og fara vel í reið með góðum fótaborði, eitt afkvæmanna er þó lágengt.

Heilladís frá Selfossi

Hryssan í sextándra sæti er Heilladís frá Selfossi. Hún er undan Suðra frá Holtsmúla og heiðursverð-

launahryssunni Álfadís frá Selfossi. Ræktandi og eigandi hennar er Olil Amble. Heilladís er með 116 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Heilladís frá Selfossi gefur fremur smá hross en hlutfallarétt. Höfuð oft skarpt en neflína stundum tæp. Frambygging heldur góð, hálsinn yfirleitt langur en ekki léttur. Bak og lend sterkleg en réttleiki í meðallagi, afturfætur stundum nágegir. Hófar vel gerðir og þrúðleiki góður. Afkvæmi Heilladísar eru ýmist klárhross eða allhlíðahross. Töltið er taktgott, sama má segja um brokkið með einni undantekningu þó. Ef skeið er til staðar er það skrefgott. Stökk er fremur ferðlitið. Fetið er oftast taktgreint og skrefmikið. Afkvæmin eru taktgrein á gangi, viljinn þjáll og þau fara vel í reið.

Mirra frá Þúfu í Landeyjum

Hryssan í sautjándra sæti er Mirra frá Þúfu. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Orra frá Þúfu og Iðu frá Þúfu. Ræktandi hennar er Indriði Theódór Ólafsson og eigandi Susanna Braun. Mirra er með 115 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en 121 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn á skeiðs. Hún á 15 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Mirra frá Þúfu í Landeyjum gefur fremur stór hross. Höfuð er skarpt. Hálsinn er reistur og yfirlína góð. Bakið er misjafnt, stundum framhallandi en oftast vel vöðvafyllt.



Álöf frá Ketilsstöðum.

Mynd / Aðsend



Pruma frá Skagaströnd. Mynd / Aðsend



Mirra frá Þúfu í Landeyjum.

Mynd / Susanne Braun



Heilladís frá Selfossi.

Mynd / Aðsend

Lendin er öflug en stundum aðeins gróf. Afkvæmin eru fótahá og sívöl. Fætur sterklegir með öflugum sinum og góðum sinaskilum en réttleiki í meðallagi. Hófar yfirleitt sterklegir en stundum aðeins víðir. Prúðleiki misjafn. Afkvæmi Mirru eru klárhross að upplagi þó sum tæpi á skeiði. Töltið er takthreint með skrefmiklum og háum hreyfingum. Brokkið er taktgott með góðum fótburði. Stökkið er afbragð ferð- og svifmikið. Hæga stökkið oft heldur síðra. Fet yfirleitt taktgott. Viljinn afbragð sem lýsir sér með yfirvegum og mikilli framhugsun. Hrossin fara vel í reið með miklum fótburði og fallegum höfuðburði.

Spes frá Ketilsstöðum

Hryssan í átjándi sæti er Spes frá Ketilsstöðum. Hún er undan Sveini-Hervari frá Þúfu í Landeyjum og



Jóna frá Kjarri.

Mynd / Kjarri



Spes frá Ketilsstöðum. Mynd / Aðsend

Prestsfrú frá Húsatóftum 2a

Hryssan í nítjándi sæti er Prestsfrú frá Húsatóftum 2a. Hún er undan Forseta frá Vorsabæ II og Viðju frá Hoftúni. Ræktandi og eigandi hennar er Ástrún Sólveig Davíðsson. Prestsfrú er með 110 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en 117 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Hún á 8 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Prestsfrú frá Húsatóftum 2a gefur stór hross. Höfuð er skarpt og svipgott en eynastaða stundum aðeins slök. Hálsinn er reistur, vel settur og með háum herðum. Bakið er breitt og vöðvafyllt með góðri baklínu, lendin er jöfn og öflug. Samræmi er gott og einkennist af jöfnum hlutföllum. Fótagerð er þurr og sinar öflugar. Réttleiki er um meðallag, flétta gjarnan að framan og nágeng að aftan. Hófar eru vel formaðir og efnisþykkir. Prúðleiki misjafn stundum með ágætum en stundum lítil. Afkvæmin eru rúm og skrefmikil klárhross. Töltið og hæga töltið er taktgott, skrefmikið með góðri fótlyftu. Brokkið er taktgott og skrefmikið. Stökkið er takthreint, skrefmikið með góðri fótlyftu. Fetið er um misgott. Afkvæmin eru viljagóð og samstarfsfús, fara vel í reið með fallegum fótburði og hvelfdri yfirlínu.

Lýsing frá Þúfum

Hryssan í tuttugasta sæti er Lýsing frá Þúfum. Hún er undan Hróðri frá Refsstöðum og Birtu frá Ey II. Ræktendur og eigendur hennar eru Mette Camilla Moe Mannseth og Gísli Gíslason. Lýsing er með 108 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en 120 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Hún á 13 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Lýsing frá Þúfum gefur fremur stór hross. Höfuð er fremur frítt, hálsinn er reistur, með hvelfdri yfirlínu og háum herðum. Yfirleitt góð baklína og breitt og vöðvafyllt bak. Samræmi er gott og einkennist af jöfnum hlutföllum og fótahæð. Fótagerð er þurr með góðum sinaskilum. Réttleiki er í góðu meðallagi. Hófar eru efnistraustir, með þykkum hælum. Prúðleiki yfirleitt fremur góður. Afkvæmin eru að uppistöðu klárhross. Töltið og hæga töltið er taktgott með góðri fótlyftu. Brokkið er taktgott og skrefmikið. Stökkið er takthreint með góðu svifi. Fetið er skrefmikið og takthreint. Afkvæmin eru samstarfsfús og hjál og fara afar vel í reið. Höfuð- og fótburður prýðir.

RML sendir ræktendum og eigendum þessara hryssna innilegar hamingjuóskir. Mikil vinna liggur að baki þessum mikla árangri sem er ómetanlegt fyrir ræktunarstarfið. Ef ræktendur tækju ekki þátt í kynbótasýningum hefðum við engan grunn til að byggja kynbótamatid á. Það er ekki víst að allir geri sér grein fyrir því hvað þetta sameiginlega starf við skýrsluhald og sýningarhald hefur mikið að segja fyrir hrossaræktina í heild sinni. Í því sambandi má ekki gleyma mikilvægi WorldFeng sem heldur utan um allar þessar upplýsingar.

Halla Eygló Sveinsdóttir
Elsa Albertsdóttir,
ráðunautar í hrossarækt.



Dýrðardagar á Ítalíu

26. ágúst – 2. september 2023

Fararstjórn: Íris Sveinsdóttir

Verð 295.900 kr. á mann í tvíbýli

Glæsileg ferð í strandbæinn Chioggia þar sem við njótum sólar á gylltri ströndinni á töfrandi stað við Fenejarlónið. Við kynnumst m.a. fallegu borginni Vicenza með sínum ítalska léttleika og miðjarðarhafsblæ og að sjálfsögðu hinum heillandi Fenejum.

bænda
FERÐIR

Bókaðu núna á baendaferdir.isSími 570 2790
bokun@baendaferdir.isSíðumúla 2
108 Reykjavík

BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Þjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.



BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

Bændablaðið kemur næst
9. mars